

6. fundur Skólaráðs Grunnskóla Grindavíkur,
22. febrúar 2012 kl. 17.30.

Mættir voru: Margrét Krisjánsdóttir situr fund í stað Guðjónu Breiðfjörð, Viktoría Róbertsdóttir, Sigríður Fjóra Benónýsdóttir, Jóhannes Gunnar Sveinsson, Sigurður Kristmundsson og Pálmi Ingólfsson. Matthildur Þorvaldsdóttir boðaði forföll v/náms. Lárus Guðmundsson og Nökkvi Harðarson boðuðu ekki forföll. Nökkvi kemur inn í stað Antons Inga Rúnarssonar.

Dagskrá:

1) Vinna við gerð áhættumats, forvarnaráætlun og starfsanda í Grunnskóla Grindavíkur. Langur fimmtudagur 23. febrúar 2012.

Pálmi fer aðeins yfir aðgerðar og forvarnaráætlun. Sálfræðistofan Líf og sál verður með vinnu í Grunnskólanum með starfsfólki skólans frá kl. 14-19 er varðar starfsanda og forvarnaráætlun gegn einelti. Það á að byrja á að vinna forvarnaráætlunina í Grunnskólanum og munu Róbert Ragnarsson bæjarstjóri og Nökkvi Már skólamálafulltrúi sitja þennan vinnudag með starfsfólki Grunnskólans. Þeir munu síðan vinna með aðrar stofnanir Grindavíkurbæjar í kjölfarið.

2) Umsóknir um styrki til umbóta- og þróunarstarfs 2012 - 2013.

- vinnu við Fjölsmiðjuna og þróa hana áfram
- Fjölbreyttir kennsluhættir, útikennsla og hugmyndabanki.
- Lestrarnámskeiðið Orð af orði
- Skólaskrifstofa – Skólanámsskrá. Okkar sveitarfélag er það fyrsta í að vinna með leikskólanum, tónlistarskólanum og grunnskólanum í að innleiða nýja Aðalnámsskrá.
- Innleiðing bekkjarfunda í skólastarfi í Aðalnámsskrá. Lýðræði og virkni nemenda. Tekur 2-3 ár að koma þessu almennilega inn í skólakerfið.

3) PALS-námskeið.

Lestrarþjálfun fyrir 2. – 10. bekk. Leið til að auka lestur og lesskilning. Er jafningjakennsla þar sem lesið er í pörum. Þetta er viðbót við lestrarkennslu. Nemendur fá einstaklingsmiðaðar leiðbeiningar.

4) SMART-töflur og skjávarpar.

Búið er að kaupa skjávarpa í allar stofur og 3 SMART töflur í Grunnskóla Grindavíkur. Starfsfólk Grunnskóla Grindavíkur fékk sérstaka kynningu í sl. viku. 3 aðilar hafa

verið fengnir til að vera leiðtogar og sjá um að leiðbeina og ýta á hina kennarana í tengslum við SMART-töflurnar.

5) Drög að viðbragðsáætlun vegna brunavarna o.fl.

Skólastjóri ber ábyrgð á þessari áætlun í skólanum. Viðbragðsáætlunin nær yfir brunavarnir, slys, óveður og jarðskjálfta. Áætlunin hefur legið niðri og ekki verið uppfærð í nokkur ár. Brunaeðingar hafa ekki átt sér stað í 3-4 ár. Nú er búið að gera drög að viðbragðsáætlun sem ætti að vera tilbúin með vorinu, þeir sem vinna við gerð hennar eru: Ásmundur Jónsson slökkviliðsstjóri, Ásrún Helga Kristinsdóttir deildarstjóri í Hópsskóla, Pálmi Ingólfsson skólastjóri, Daníel Júlíusson umsjónarmaður Grunnskóla Grindavíkur og Sveinbjörn Jónsson umsjónarmaður í Hópsskóla. Engar teikningar eru til fyrir rýmingaráætlun í Hópsskóla. Áætlað er að hafa áætlun í hverri skólastofu.

Við leggjum til að það sé myndrænt graf á veggjum hvernar skólastofu og að áætlunin nái yfir viðbrögð við eldgosi.

6) Önnur mál

Ekkert kom fram undir liðnum önnur mál. Næsti fundur er áætlaður 21. mars kl. 17.30 í Grunnskóla Grindavíkur.

Fundi slitið kl. 18.30